



SUÐURNESJABÆR

## Reglur um stöðuleyfi fyrir lausafjarmuni í Suðurnesjabæ

### 1. gr. - Lagastoð

Reglur þessar eru settar með vísan í 51. gr. og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, sem og byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum.

### 2. gr. – Stöðuleyfi fyrir lausafjarmuni

Sækja skal um stöðuleyfi til byggingafulltrúa til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem eru sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna sbr. b. lið 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

*Hjólhýsi ( frá 1. okt til 1. maí)*

*Gámar (sem ætlaðir eru til vöruflutninga á sjó og landi)*

Í 36. tölulið 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er hugtakið gámur skilgreint sem „staðlaður geymir fyrir vöruflutninga á sjó og landi“. Svokölluð gámahús falla því ekki hér undir. Þau geta talist mannvirki og þar af leiðandi byggingarleyfisskyld, nema þau falli undir undanþáguákvæði g. eða i. liðar 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar (smáhýsi eða lítil hús á lóð) en þá þarf hvorki byggingar- né stöðuleyfi fyrir þeim. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki sem falla undir framangreinda skilgreiningu eru almennt byggingarleyfisskyld samanber 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Einstök mannvirki geta þó verið undanþegin slíku leyfi samkvæmt ákvæðum 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar.

*Bátar*

*Torgsöluhús*

*Fristundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings – sbr. 5.1.2. gr. byggingarreglugerðar*

*Stór samkomutjöld*

Ekki þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir gáma á skipulögðum gámasvæðum, bátum á hafnarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir geymslu þeirra, hjólhýsum á hjólhýsasvæðum eða torgsöluhúsum á svæðum fyrir slík hús.

Með skipulögðu svæði er átt við að gert sé ráð fyrir geymslu eða staðsetningu áður tilgreindrar muna í aðal- eða deiliskipulagi og eða ef gerð er grein fyrir slíkum svæðum á lóðauppdrætti mannvirkis.

Innan skipulagða íbúðahverfa skal að jafnaði ekki veita stöðuleyfi fyrir fleiri en einum ofangreindum lausafjarmuni í senn.

Skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 eru stöðuleyfi aðeins veitt að hámarki til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

### **3. gr. Umsókn um stöðuleyfi**

Umsókn skal vera skrifleg á þartilgert eyðublað og undirrituð af eiganda viðkomandi lausafjarmuna.

Ef eigandi lausafjarmuna er ekki sá sami og eigandi lóðar eða lóðarhafi skal fylgja með samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að munurinn standi á.

Þegar sótt er um stöðuleyfi á lóð fjöleignarhúss skal liggja fyrir samþykki eigenda í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 26/1994

Með umsókn skal fylgja að lágmarki uppdráttur, s.s. loftmynd, lóðablað eða afstöðumynd, þar sem staðsetning lausafjarmunar er sýnd. Nægilegt er að það sé handteiknað inn á framangreind gögn og gögnin sýni raunverulegar aðstæður og hlutföll.

Byggingafulltrúa er alltaf heimilt að krefja eiganda um frekari gögn ef hann telur þörf á því, t.d. nákvæmari uppdrátt, teikningar eða rökstuðning áður en umsókn er tekin til afgreiðslu.

### **4. gr. - Staðsetning lausafjarmuna**

Ekki er heimilt að staðsetja gáma við lóðamörk eða nær lóðamörkum en sem nemur hæð munar nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa á uppdrátt og umsókn liggja fyrir.

Ávallt skal staðsetja lausafjarmuni þannig að almenningi stafi ekki hætta af og ekki sé hætta á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús.

Aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum skal ekki vera torveldað með staðsetningu lausafjarmunar. Handhafi stöðuleyfis ber ábyrgð á því að ekki geti skapist hætta vegna munarins.

Suðurnesjabær áskilur sér rétt til að takmarka veitt leyfi á hverja lóð af öryggisástæðum, vegna útlits eða annarra aðstæðna, s.s. takmarkaðs rýmis á lóð.

### **5. gr. - Stöðuleyfi eða byggingarleyfi**

Mannvirki er sbr. 51. tölul. 1.2.1. gr. byggingareglugerðar nr. 112/2012:

„Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast eining tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefn eða daglegrar dvalar manna í fjóra

mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast eining til mannvirkja samkvæmt reglugerð þessari.“

Stöðuleyfi eru ekki veitt fyrir mannvirkjum enda eru þau byggingarleyfis skyld.

## **6. gr. - Gámar**

Stöðuleyfi fyrir gáma utan skilgreinds gámasvæðis eru veitt ef tímabundnar aðstæður gera notkun gáms nauðsynlega, enda sé tryggt að þeir verði snyrtilegir og eins lítið sýnilegir frá aðliggjandi lóðum, götum, stígum eða opnum svæðum og kostur er. Óheimilt er að veita stöðuleyfi til þess að stafla gámum ofan á hvern annan. Óheimilt er að geyma lausafjarmuni eða aðra hluti ofan á gám sem veitt hefur verið stöðuleyfi fyrir. Að jafnaði er ekki heimilt að veita stöðuleyfi fyrir gám í íbúðarhverfi lengur en í 6 mánuði.

## **7. gr. - Frístundahús í smíðum**

Staða frístundahúsa í smíðum er heimil án stöðuleyfis á lóðum fyrirtækja innan skipulagðra athafnasvæða.

## **8. gr. - Leyfisskylt lausafé án stöðuleyfa**

Ef ekki hefur verið sótt um stöðuleyfi fyrir leyfisskyldum lausafjarmuni gildir 2.6.2. gr. byggingareglugerðarinnar sem segir að byggingarfulltrúi getur krafist eiganda um að fjarlægja muni innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri en eins mánaðar eða að eigandi sækir um leyfi vegna hans. Að öðrum kosti verða munirnir fjarlægðir á kostnað eiganda. Liggja ekki fyrir hver á lausafjarmuninn er nægilegt að sett verði tilkynning um aðgerðir á muninn sjálfan þar sem er skorað er á eiganda að fjarlægja lausaféð eða sækja um leyfi fyrir staðsetningu þess innan tiltekins tíma áður en gripið verður til aðgerða.

Sama á við ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki skilyrði stöðuleyfis eða ákvæði reglna þessara, sbr. 2.6.2. gr. byggingareglugerðarinnar, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Heimilt er að selja muni sem fjarlægðir hafa verið til að standa undir kostnaði vegna aðgerða sem grípa þarf til að undangenginni skriflegri viðvörðun þar um með vísan til 56. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

## **9. gr. - Gjaldtaka**

Um gjaldtöku vegna umsóknar og veitingu stöðuleyfis fer eftir gjaldskrá byggingarleyfis- og þjónustugjalda í Suðurnesjabæ.

Ef óskað er eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjarmun á sömu lóð í sömu umsókn er gefið út eitt stöðuleyfi og skal greitt fyrir það óháð fjölda muna sem sótt er um leyfi fyrir.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Þeir sem eiga eða hafa í umsjá sinni lausafjármuni án stöðuleyfis við gildistöku þessara reglna skulu sækja um leyfi innan þriggja mánaða frá gildistöku reglna þessara.

Samþykkt í bæjarráði Suðurnesjabæ 14. júlí 2021